

Ár 2024, 25. júní kl. 10:00 kom landskjörstjórn saman á fundi í Þjóðminjasafni Íslands til að úrskurða um gildi ágreiningsseðla og lýsa úrslitum forsetakjörs sem fram fór þann 1. júní sl.

Fyrir var tekið að úrskurða um 57 ágreiningsseðla úr Reykjavíkurrkjördæmi norður og kveðinn upp svofelldur

### úrskurður nr. 17/2024:

#### I.

Ágreiningsseðlarnir bárust landskjörstjórn frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurrkjördæmis norður þann 6. og 7. júní sl. Um ágreining er að ræða milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður og eru atkvæðin því send landskjörstjórn til úrskurðar, sbr. 3. mgr. 99. gr. og 1. mgr. 120. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Af 57 ágreiningsseðlum eru 53 þeirra kjörfundaratkvæði og fjögur utankjörfundaratkvæði, atkvæði skráð nr. 48, 49, 56 og 57.

a. *Atkvæði skráð nr. 1.*

Um er að ræða einn kjörseðil þar sem á seðlinum er merking aftan við nafn frambjóðanda. Umboðsmaður taldi að ekki væri um auðkenningu að ræða og því væri atkvæðið gilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til þess að það hafi verið auðkennt, sbr. 102. gr. kosningalaga.

b. *Atkvæði skráð nr. 2-21.*

Um er að ræða 20 kjörseðla þar sem á seðlana hafa verið ritaðar merkingar eða orð. Umboðsmaður taldi að vilji kjósenda væri skýr og því væru atkvæðin gilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til þess að þau hafi verið auðkennd en slíkt sé í andstöðu við 102. gr. kosningalaga.

c. *Atkvæði skráð nr. 22.*

Um er að ræða einn kjörseðil sem er með merkingu inni í ferningi fyrir framan nafn frambjóðanda. Umboðsmaður taldi að atkvæðið væri auðkennandi og ætti að vera ógilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið gilt þar sem um er að ræða krossa sem séu inn í ferningnum og að kross sé gilt merki.

d. *Atkvæði skráð nr. 23.*

Um er að ræða einn kjörseðil sem er með merkingu inni í ferningi fyrir framan nafn frambjóðanda. Umboðsmaður taldi að atkvæðið væri auðkennandi og ætti að vera ógilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið gilt þar sem krossar séu inni í ferningnum og vísaði til dæmis nr. 16 á bls. 18 í *Mat á vafaatkvæðum í almennum kosningum*, gefið út af dómsmálaráðuneytinu 2021.

e. *Atkvæði skráð nr. 24.*

Um er að ræða einn kjörseðil sem er með aðra merkingu en X inn í ferningi fyrir framan nafn frambjóðanda. Umboðsmaður taldi að atkvæðið væri auðkennandi og ætti að vera ógilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið gilt þar sem vilji kjósenda væri skýr.

f. *Atkvæði skráð nr. 25-31.*

Um er að ræða sjö kjörseðla þar sem eitt nafn frambjóðanda er skrifað á bakhlið hvers seðils. Umboðsmenn töldu atkvæðin vera gild, vilji kjósenda væri skýr þótt ekki væri merkt í ferning framan við nafn frambjóðanda, heldur nafn hans skrifað á bakhlið seðilsins. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til 102. gr. kosningalaga þar sem ekki hafi verið markað X í ferning við nafn frambjóðanda.

g. *Atkvæði skráð nr. 32-43.*

Um er að ræða 12 kjörseðla þar sem á seðlana hafa verið ritaðar merkingar eða orð. Umboðsmenn töldu atkvæðin vera gild, vilji kjósenda væri skýr og myndir eða tákni á seðlunum breyti því ekki. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til þess að þeir hafi verið auðkenndir, en slíkt sé í andstöðu við 102. gr. kosningalaga.

h. *Atkvæði skráð nr. 44-46.*

Um er að ræða þrjú kjörseðla. Á tveimur þeirra er strikað yfir nöfn annarra frambjóðenda en merkt virðist við og á einum kjörseðli er merkt við nafn frambjóðanda en að öðru leyti strikað yfir allan seðilinn. Umboðsmenn töldu atkvæðin vera gild. Yfirstrikanir á kjörseðli ógildi hann ekki og að vilji kjósenda komi skýrt fram þrátt fyrir að strikað hafi verið yfir nafn annars frambjóðanda en þann sem kjósendi hafi merkt við. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðin ógild með vísan til leiðbeininga og fordæma í kveri um *Mat á vafaatkvæðum í almennum kosningum*.

i. *Atkvæði skráð nr. 47.*

Um er að ræða einn kjörseðil þar sem merkt er X í ferning fyrir framan nafn eins frambjóðanda og skástrik (hálfur kross) í ferning fyrir framan nafn annars frambjóðanda. Umboðsmenn töldu að vilji kjósendans væri skýr og atkvæðið ætti að vera gilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til 102. gr. kosningalaga, leiðbeininga og fordæma í kveri um *Mat á vafaatkvæðum í almennum kosningum* og þess að vilji kjósendans væri ekki skýr.

j. *Atkvæði skráð nr. 48.*

Um er að ræða einn utankjörfundarseðil þar sem nafn frambjóðanda er stimplað á seðilinn, en auk þess virðist kjósendi hafa ritað sitt eigið nafn á seðilinn. Umboðsmaður taldi atkvæðið gilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til 103. gr. kosningalaga og leiðbeininga og fordæma í kveri um *Mat á vafaatkvæðum í almennum kosningum*, þar sem kjósendi hafi auðkennt seðilinn.

k. *Atkvæði skráð nr. 49.*

Um er að ræða einn utankjörfundarseðil þar sem nafn ásamt heimilisfangi frambjóðanda er skrifað inn í þar til gerðan ramma á seðlinum. Umboðsmenn töldu atkvæðið gilt. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til 103. gr. kosningalaga og leiðbeininga og fordæma í kveri um *Mat á vafaatkvæðum í almennum kosningum*, þar sem kjósendi hafi auðkennt seðilinn með því að skrifa heimilisfang frambjóðandans.

l. *Atkvæði skráð nr. 50-54.*

Um er að ræða fimm kjörseðla þar sem á seðlana hafa verið rituð ýmis tákni. Umboðsmaður taldi atkvæðin vera gild, vilji kjósenda væri skýr þrátt fyrri að tákni hafi verið rituð á kjörseðilinn. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til 102. gr. kosningalaga, leiðbeininga og fordæma í kveri um *Mat á vafaatkvæðum í almennum kosningum*, þess að vilji kjósenda væri ekki skýr og atkvæðið hafi verið auðkennt.

m. *Atkvæði skráð nr. 55.*

Um er að ræða einn kjörseðil þar sem nafn frambjóðanda er skrifað á bakhlið seðilsins og merkt X í ferning fyrir framan nafn hans á framhlið seðilsins. Umboðsmaður taldi atkvæðið vera gilt, vilji kjósenda væri skýr en bæði hafi verið skrifað aftan á kjörseðlinn ásamt því að hakað hafi verið við nafn frambjóðandans. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til 102. gr. kosningalaga en ekki megi rita nafn aftan á kjörseðilinn.

n. *Atkvæði skráð nr. 56.*

Um er að ræða einn utankjörfundarseðil þar sem m.a. nöfn tveggja frambjóðanda hafi verið rituð á seðilinn og síðan strikað yfir annað nafnið. Umboðsmaður taldi atkvæðið vera gilt, þar sem nafn þess frambjóðanda sem kjósendi vildi kjósa komi skýrt fram. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt með vísan til 103. gr. kosningalaga þar sem á kjörseðilinn hafi verið ritaður texti umfram nafn frambjóðanda.

o. *Atkvæði skráð nr. 57.*

Um er að ræða einn utankjörfundarseðil þar sem tákn er sett fyrir aftan nafn frambjóðanda sem ritað er á kjörseðilinn. Umboðsmaður taldi atkvæðið vera gilt, þrátt fyrir að tákn sé á seðlinum þar sem ótvírætt megi sjá vilja kjósenda. Yfirkjörstjórn úrskurðaði atkvæðið ógilt, atkvæðið sé auðkennt með vísan til 103. gr. kosningalaga og fordæma í kveri um *Mat á vafaatkvæðum í almennum kosningum*.

II

Landskjörstjórn hefur farið yfir gögn málsins og er niðurstaðan eftirfarandi:

a. *Atkvæði skráð nr. 1.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

b. *Atkvæði skráð nr. 2-21.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

c. *Atkvæði skráð nr. 22.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og 1. mgr. 105. gr. kosningalaga.

d. *Atkvæðiskráð nr. 23.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og 1. mgr. 105. gr. kosningalaga.

e. *Atkvæði skrá nr. 24.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og 1. mgr. 105. gr. kosningalaga.

f. *Atkvæði skráð nr. 25-31.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og úrskurðar Alþingis 2013.1.3.B.

g. *Atkvæði skráð nr. 32-43.*

Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

- h. *Atkvæði skráð nr. 44-46.*  
Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar og ítrekar að yfirstrikun á nöfnum frambjóðenda er hvorki í samræmi við 1. mgr. 86. og 1. mgr. 87. gr. né d. lið 102. gr. kosningalaga.
- i. *Atkvæði skráð nr. 47.*  
Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til b. og c. liðar 102. gr. kosningalaga.
- j. *Atkvæði skráð nr. 48.*  
Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.
- k. *Atkvæði skráð nr. 49.*  
Landskjörstjórn fellst ekki á þá niðurstöðu yfirkjörstjórnar að með því að kjósandi hafi skrifað nafn og heimilisfang frambjóðanda inn í þar til gerðan ramma á kjörseðlinum hafi hann auðkennt kjörseðilinn. Auðkenningin nær til þess að auðkenna frambjóðandann en ekki kjósandann og verður því ekki fallist á að skilyrði ákvæðis c. liðar 103. gr. kosningalaga sé uppfyllt, þ.e. að kjósandi hafi af ásettu ráði gert kjörseðilinn auðkennanlegan. Atkvæði skráð nr. 49 skal því meta gilt atkvæði greitt Höllu Tómasdóttur.
- l. *Atkvæði skráð nr. 50-54.*  
Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.
- m. *Atkvæði skráð nr. 55.*  
Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.
- n. *Atkvæði skráð nr. 56.*  
Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.
- o. *Atkvæði skráð nr. 57.*  
Landskjörstjórn staðfestir niðurstöðu yfirkjörstjórnar með vísan til röksemda hennar.

## ÚRSKURÐARORÐ

- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 1 er staðfest.
- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 2-21 er staðfest.
- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 22 er staðfest.
- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 23 er staðfest.
- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 24 er staðfest.
- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 25-31 er staðfest.
- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 32-43 er staðfest.
- Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurrkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 44-46 er staðfest.



## Landskjörstjórn

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 47 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 48 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 49 er felld úr gildi og atkvæðið úrskurðað gilt og greitt Höllu Tómasdóttur.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæða skráð nr. 50-54 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 55 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 56 er staðfest.

Ákvörðun yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður um gildi ágreiningsatkvæðis skráð nr. 57 er staðfest.

Landskjörstjórn

Kristín Edwald formaður (sign)

Arnar Kristinsson (sign)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign)

Ebba Schram (sign)

Magnús Karel Hannesson (sign)